

REGLUGERÐ KSÍ
um mannvirkjasjóð KSÍ
fyrir tímabilið 2016-2019 2019-2022

Markmið:

Mannvirkjasjóði KSÍ er ætlað að styðja við nýframkvæmdir og skilgreind viðhaldsverkefni knattspyrnumannvirkja á Íslandi á árunum 2016-2019 2019-2022, til þess að skapa iðkendum, áhorfendum og stjórnendum sem besta aðstöðu. Framlag í sjóðinn fyrir það tímabil sem reglugerð þessi tilgreinir er að fjárhæð 140 mkr. (háð gengi evru á hverjum tíma). Miðað er við að árlega komi fjórðungur þeirrar upphæðar til úthlutunar.

Styrkir:

Mannvirkjasjóður KSÍ styrkir nýframkvæmdir og skilgreind viðhaldsverkefni sem aðildarfélög KSÍ bera ábyrgð á og afmarkast framkvæmdirnar við eftirfarandi:

- Framkvæmdir á keppnisvöllum í samræmi við kröfur reglugerðar KSÍ um knattspyrnuleikvanga.
- Framkvæmdir á æfingavæðum samkvæmt framkvæmdasamningum knattspyrnufélaga við bæjarfélög eða stuðningsaðila.
- Byggingu knatthúsa í eigu knattspyrnufélaga, dótturfélaga þeirra eða á grundvelli framkvæmdasamninga knattspyrnufélaga við bæjarfélög eða stuðningsaðila.
- Rannsóknir og verkefni viðurkenndra aðila sem tengd eru uppbyggingu leikvalla og/eða íþróttamannvirkja.
- Viðhaldsverkefni sem eru til þess fallin að skapa sem bestar aðstæður á knattspyrnuvellingum sjálfum, s.s. endurnýjun gervigrass.

Styrkir eru ekki veittir til kaupa á búnaði og ekki til leigu á mannvirkjum eða búnaði.

Hámarksstyrkur við hvert verkefni er 30% af raunkostnaði en þó aldrei hærra en 15 milljónir króna

- Framkvæmdakostnaður allt að 50 m.kr., 20-30% hlutfall sem þýðir hámarksstyrk 10-15 m.kr. (Það tel ég harmonera við þá samantekt sem ég sendi ykkur þar sem kemur í ljós að mesti fjöldi umsókna er í lægri flokkunum.)
- Framkvæmdakostnaður allt að 150 m.kr., 10-20% hlutfall en hámarksstyrkur 10 m.kr.
- Framkvæmdakostnaður yfir 150 m.kr., 5% hlutfall en hámarksstyrkur 7,5 m.kr.

Heimilt er að víkja frá ofangreindum seinni tveimur skilyrðum ef framkvæmdin er til þess fallin að skapa gjörbreyttar aðstæður til knattspyrnuíðkunar.

Framkvæmd sem sótt er um styrk til skal a.m.k. vera að lágmarki fjárhæð 1,5 mkr. Greiðslur úr mannvirkjasjóði vegna framkvæmda má dreifa á tvö almanaksár.

Heimilt er að sækja tvisvar um styrk fyrir hvert einstakt verkefni ef fyrri styrkupphæð er ekki að ná að loka kostnaðarþætti verksins, og styrktarfjárhæð er innan hámarksfjárhæða skv. reglugerðinni. Seinni umsóknin verður að berast á næsta ári eftir að verkefnið fær styrk úr sjóðnum.

Við úthlutun styrkja skal sérstaklega tekið mið af stöðu umsækjanda gagnvart leyfiskerfi KSÍ og skulu umsóknir sem miða að því að uppfylla ákvæði leyfiskerfis KSÍ njóta forgangs við úthlutun úr sjóðnum. Aðeins aðildarfélög KSÍ geta sótt um styrk vegna verkefna sem þau bera ábyrgð á.

Umsókn:

Umsókn um styrk úr Mannvirkjasjóði KSÍ skal berast framkvæmdastjóra KSÍ fyrir 1. mars ár hvert. Umsóknir skulu vera á stöðluðu eyðublaði KSÍ og henni þurfa að fylgja eftirfarandi gögn:

- Lýsing á fyrirhugðum framkvæmdum og tilgangi þeirra.
- Verk- og tímaáætlun.
- Sundurliðuð kostnaðaráætlun og teikningar
- Staðfesting á fjármögnun.
- Staðfesting viðkomandi sveitarfélags sveitarstjórnar eða eiganda mannvirkis á framkvæmdunum og skuldbindingum þess vegna framkvæmdanna.
- Önnur gögn sem KSÍ óskar eftir.

Sendi félag ekki nauðsynleg fylgiskjöl skal því gefinn 14 daga frestur til að bæta úr, en hafi nauðsynlegum gögnum ekki verið skilað innan þeirra tímamarka skal hafna umsókn.

Framkvæmdastjóri KSÍ metur umsóknir og hefur og mannvirkjanefnd KSÍ til ráðgjafar munu yfirfara innsendar umsóknir og gera tillögu auk þeirra aðila sem hann telur ástæðu að leita til. Framkvæmdastjóri gerir tillögu til stjórnar um úthlutun úr sjóðnum. Við mat á umsóknum skal m.a. tekið tillit til núverandi stöðu knattspyrnumannvirkja og aðstöðu, og þarfa félags vegna þátttöku í Íslandsmóti og vegna leyfiskerfis KSÍ. Við mat á umsóknum verður stuðst við skorkort þar sem grunnþáttum í forsendum úthlutunar verður gefið vægi. Skorkort þetta verður vinnuskjal við mat á umsóknum og skilar flokkun umsókna eftir mikilvægi.

Greiðslur úr sjóðnum:



Styrkur úr Mannvirkjasjóði KSÍ er að jafnaði greiddur út í heild sinni að loknum framkvæmdum viðkomandi verkefnis, en heimilt er að greiða út styrkinn í fleiri greiðslum ef ástæða þykir til og fyrir liggur samþykkt stjórnar KSÍ.

Umsækjandi skal leita eftir álitni mannvirkjanefndar KSÍ s.s. endurnýjun leikvallar (gras yfir í gervigras eða endurnýjun gervigrass) áður en framkvæmdir hefjast. Í þeim tilvikum sem framkvæmd er unnin án þess að uppfylla ákvæði reglna/leyfiskerfa KSÍ þá fellur styrktarheimild niður.

Áður en styrkur er greiddur út skal framkvæmdastjóra KSÍ sent staðfest kostnaðaruppgjör framkvæmdanna af skoðunarmanni/endurskoðanda. Einnig skal fylgja ásamt nauðsynlegri viðeigandi sundurliðun og úttekt byggingarfulltrúa um lok framkvæmda ef framkvæmdin er leyfisskyld. Fjárhæð styrks skal miðast við fjárhæð án Vsk. ef endurgreiðsla á Vsk. er í boði fyrir umrædda framkvæmd.

Vilyrði KSÍ fyrir styrk úr Mannvirkjasjóði fellur niður ef framkvæmdir félags hefjast ekki á því almanaksári sem vilyrðið fyrir styrk er veitt.

Hafi vilyrði fyrir styrk úr mannvirkjasjóði verið veitt, en félag sér fram á að framkvæmdir muni ekki hefjast á því almanaksári sem vilyrði er veitt, er félagi heimilt að óska eftir frestun á umsókn sinni um styrkveitingu.

Frestur er háður mati stjórnar KSÍ og er ekki veittur til lengri tíma en eins árs.

Ósk um frestun, sem þarf að vera skrifleg og rökstudd, þarf að berast framkvæmdastjóra KSÍ eigi síðar en einum mánuði fyrir lok þess almanaksárs sem fyrirhugaðar framkvæmdir áttu að hefjast.

Samþykkt á stjórnarfundi KSÍ ~~14. janúar 2016~~ ?? n.óv./des. 2018.

Viðauki A – Skorkort mannvirkjasjóðs KSÍ útgefið n.óv./des. 2018